SKRÁNING FORNLEIFA VEGNA HITAVEITULAGNAR FRÁ HOFFELLI AÐ HÖFN Í HORNAFIRÐI

BIRNA LÁRUSDÓTTIR OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS569-15101

Ljósmynd á forsíðu er af landamerkjagarði milli Stapa og Miðskers (SF-033:023).

©2015
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 4

2. LÖGGJÖF UM MINJAVERND 5

3. AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 7

4. FORNLEIFAR Á ÁHRIFASVÆÐI HITAVEITULAGNAR 8

5. NIÐURSTÖÐUR 15

6. HNITASKRÁ ISN93 17

7. HEIMILDASKRÁ 18

KORT 19

´

1. Inngangur

Snemma vors 2015 gerði Fornleifastofnun Íslands ses. úttekt á fornleifum innan áhrifasvæðis hitaveitulagnar sem RARIK hyggst leggja frá Hoffelli í Nesjum að Höfn í Hornafirði. Alls verður lögnin 18,8 km löng og er ráðgert að hún verði grafin í jörðu um 1,0-1,2 m. Breidd úttektarsvæðis sem skoðað var með tilliti til fornleifa var alls 50 m, 25 m til hvorrar áttar frá miðlínu lagnarstæðis. Alls voru skráðir 15 minjastaðir innan svæðisins. Allir teljast þeir í hættu en fjórir til fimm í stórhættu.



Úttektarsvæði sýnt með rauðum kassa á korti frá Landmælingum Íslands.

Skráning á vettvangi var unnin af Birnu Lárusdóttur og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur en Birna sá um skýrslugerð. Áður en haldið var á vettvang var heimildum safnað um allar minjar á jörðunum sem lagnarstæðið liggur um. Um heimildakönnun sá Lilja Björk Pálsdóttir, fornleifafræðingur en Eva Kristín Dal sá um vörpun og vinnslu mæligagna úr Trimble-stöðvum. Minjastofnun Íslands lánaði stöðvarnar til uppmælingar og fær fyrir það þakkir.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).

2. Löggjöf um minjavernd

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning.

Skráningin sem hér er til umfjöllunar fellur undir deiliskráningu sem er nákvæmari útfærsla á aðalskráningu. Deiliskráning er yfirleitt aðeins gerð þar sem unnið er að deiliskipulagi eða umhverfismati. Í deiliskráningu þarf fornleifafræðingur að geta fullvissað sig um að allar fornleifar á afmörkuðu svæði hafi verið færðar á skrá. Þar af leiðandi er venjan að gaumgæfa mjög vel þau svæði þar sem framkvæmdir standa fyrir dyrum. Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) en þar segir í 16. grein:

> Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum um menningarminjar víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Lögum samkvæmt eru fornleifar allar mannvistarleifar sem eru 100 ára eða eldri og allar njóta þær friðunar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir og framkvæmd við fornleifaskráningu

Við skráninguna var áhrifasvæðið gengið og sem fyrr segir tekið út um 50 m breitt belti. Stuðst var við ritaðar heimildir, gömul kort og örnefni en einnig rætt við staðkunnuga þar sem í þá náðist. Einnig var svæðið skoðað á loftmyndum. Notast var við þá vinnureglu að skilgreina allar fundnar minjar innan framkvæmdasvæðis „í hættu vegna framkvæmda“. Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá raski en í nokkrum tilvikum liggur línan fast við eða yfir minjar sem þá eru skilgreindar „í stórhættu vegna framkvæmda“.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-040:001).

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum á WGS84 í fornleifaskránni en aftast í skýrslunni við fylgir tafla með hnitum í ISN93. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum þar sem sýnilegar minjar fundust. Notast var við GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávik frá miðju er innan við 1 metri.

4. Fornleifar á áhrifasvæði hitaveitulagnar

SF-019 Hafnarnes

SF-019:025 *Stekkjarklettur* örnefni stekkur 64°16.551N 15°12.100V

"Fyrir austan veg ofan við Stekkjarkeldu var fyrst Markúsarklettur, þar næst Bringur. Þá er Stekkjarnes sunnan vegar og þar efst Stekkjarklettur og næst honum Miðmundarhóll," segir í örnefnaskrá. Stekkjarklettur er um 10 m norðvestan við veginn að Höfn en fast norðan við veginn að Skyggni. Ekki er vitað hvort stekkur var við hólinn eða hvort hann var nær öðrum stekkjarörnefnum sem eru í grenndinni. Áætluð pípulögn liggur fast vestan við hóllinn en þar er nú deiglent.Svæðinu hefur verið talsvert raskað af vegagerð. Ofan á Stekkjarklettinum er sléttað tún. Engar minjar um stekk fundust við Stekkjarklett og má vera að stekkur hafi aldrei verið við klettinn. Staðurinn er skráður þar sem ráðgerð pípulögn er fast vestan við klettinn og ekki hægt að útilokað að þar gætu leynst leifar undir sverði þótt það þyki harla ólíklegt.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hafnarnes SE, 1

SF-019:026 *Fiskhóll* frásögn fiskreitur 64°15.333N 15°12.452V

"Vestan vegar þar syðst við eru Sandbakkar, þar næst Leiðarhöfði, hár klettur við sjóinn […}, þar næst Afkastahóll og syðst í honum Mönguhellir, þar næst Heppa, stór tangi,sem gengur austur úr Hafnarkaupstað, láréttur hóll að ofan, þverhníptir klettar að sunnan, en hallar til norðurs og er þar lágur. Aldrei notuð sem hafnarstaður. Þá er efst Fiskhóll austan vegar," segir í örnefnaskrá. Fiskhóll er í austurjaðri áhrifasvæðis pípulagnar í kverkinni norðaustan við þar sem Hafnarbraut og Víkurbraut mætast. Gatan Fiskhóll liggur umhverfis hólinn. Sléttaður og brattur hóll, fremur grasgefinn og flatur í toppinn. Efst á honum eru vantstankur, gerður 1949. Á þessum stað var fiskur þurrkaður. Samkvæmt Birni G. Arnarsyni nær sú notkun hólsins þó líklega ekki mikið lengra aftur en til 1920.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hafnarnes SE, 1

SF-020 Dilksnes

SF-020:025 *Virðingarhóll* örnefni 64°17.191N 15°11.538V

Virðingarhóll, horft í SA.

"Fram af Fitjunum austanvert er lítill hóll, sem heitir Skilnaðarhóll (engin sögn) nálægt gömlum vegi. Nokkuð utar eru tveir hólar, sá efri heitir Virðingarhóll, hinn Sléttbakur (kollóttur, nú í kálgarði). Virðingarhóllinn var líka nærri vegi," segir í örnefnaskrá Virðingarhóll er stæðilegur hóll um 180 m vestan við íbúðarhúsið í Holti en 30-50 m sunnan við veg heim að Dilksnesi. Austurjaðar hólsins er í vesturjaðri áhrifasvæðis pípulagnar. Sléttaður en stæðilegur hóll. Umhverfis eru sléttuð tún en trjábelti og skógrækt afmarka svæðið. Hóllinn er hár og áberandi. Hann er sléttaður en austan undir honum er þýfi. Ekki er ljóst hvaðan nafngift staðarins er komin en hún gæti bent til mannafunda á umræddum stað.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dilksnes,1

SF-024 Borgir (Innri)

SF-024:012 *Bjarnaneskirkja* kirkjugarður kirkja 64°18.613N 15°13.518V

Kirkjuhlið við gamla kirkjustæðið, horft í vestur. Kirkjan stóð uppi á hólnum en kirkjugarðurinn er í lægð handan við hann.

Bjarnaneskirkja var færð frá Bjarnanesi árið 1911 og reist að nýju við Laxá, fast vestan við þjóðveginn.
Þessi kirkja var í notkun til 1973. Kirkjan var rifin og sést nú aðeins grunnurinn undan henni auk kirkjugarðs. Þessar minjar eru ekki gamlar en teljast þó til fornleifa frá og með árinu 2011 lögum samkvæmt. Norðausturbrún hólsins sem kirkjan stóð á er rétt um 25 m SV af fyrirhugaðri lagnarlínu frá Hoffelli að Höfn. Kirkjan stóð á háum hól við þjóðveg en kirkjugarðurinn er hins vegar í lág þar norðan við. Hann er enn í notkun.

Enn mótar vel fyrir hólnum undir kirkjunni sem gæti hafa verið lagaður til, jafnvel fylltur upp að hluta - sem og steyptum kirkjugrunni og kirkjugarði. Svæðið er alls um 90 x 45 m stórt frá NA-SV. Kirkjuhóllinn er allt að 3 m hár sé staðið vestan við hann. Kirkjugrunnurinn er um 11 x 8 m stór frá austri til vesturs en stallurinn undir stærri. Kirkjugrunnurinn sjálfur er alveg jarðlægur og yfirgróinn að hluta, sést mikið grjót í steypunni. Af grunninum má sjá að kirkjan hefur snúið NNA-SSV. Leið hefur legið að henni úr NNA og eru þar enn veglegir hliðstólpar og hlið með járngrind. Stétt er með kirkjuhólnum vestanverðum en svo taka við leiði í kirkjugarðinum. Kirkjugarðurinn sjálfur er alls um 50 x 35 m stór NA-SV. Torfgarður er meðfram suðurhliðinni, víðast um 1 m hár, alls um 40 m langur. Að öðru leyti er garðurinn girtur með trjám og girðingu. Gamlir steyptir, gamlir stólpar eru við báða enda torfgarðsins. Mikið er af trjám í garðinum og nær öll leiði merkt. Kirkjugarðurinn hefur ekki verið sléttaður.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

SF-030 Suðurhóll

SF-030:007 *Torfgrafalækur* örnefni rista 64°19.222N 15°14.544V

"[U]m landið innst rennur Torfgrafalækur[007][.]," segir í örnefnalýsingu. Torfgrafalækur rennur vestan við veginn að Bjarnarnesi sunnan við Taðhól 034:001. Á þessum slóðum mun hann reyndar kallaður Álalækur. Lækurinn er mjög skammt suðvestan við fyrirhugaða lagnalínu á um 100 m löngum kafla meðfram veginum. Mórauður lækur sem rennur að hluta um mýri. Engin ummerki sjást um torfristu eða mógrafir á þessum slóðum en hugsanlega má sjá þær ofar með læknum, þar sem hann kallast Torfgrafalækur.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Nesjahreppur, Suðurhóll,1

Lækurinn, horft í norður.

SF-032 Miðsker

SSF-032:013 garðlag óþekkt

Leifar af óljósum garðlögum eru í landi Miðskers, um 100 m NNV af Taðhól SF-034:001. Þetta er í krika norðvestan við vegamót þar sem fjórir vegir mætast. Fyrirsjáanlegt er að hitaveitulögn frá Hoffelli að Höfn fari gegnum svæðið. Mjög þýft og blautt mýrlendi. Svæðinu gæti hafa verið raskað og býsna erfitt er að átta sig á leifunum eða fullyrða um hlutverk þeirra. Grasi grónar brekkur eru upp af til norðurs og vesturs en vegir að sunnan og austan. Alls ná minjarnar yfir svæði sem er u.þ.b. 40 x 15 m stórt frá NA-SV. Þar sjást a.m.k. þrjú garðlög sem sennilega hafa verið samtengd og liggja í sikk-sakk um svæðið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þau hafa gegnt en hvert garðlag er nú að jafnaði um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekkert grjót sést í hleðslum.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Óljós garðlög í mýrlendum slakka, horft í austur.

SF-033 Stapi

SF-033:021 þúst óþekkt 64°19.987N 15°15.654V



Mjög óljós ummerki sem hugsanlega er sigin og nær ógreinileg rúst eru um 60 m vestan við Þveit og 760 m NNV við Stapa. Staðurinn er um 15 m suðvestan við miðlínu ráðgerðrar hitaveitulagnar. Grasivaxin hólasvæði milli ræktaðra túna og Þveitar.

Ummerkin eru sem fyrr segir óræð og er ekki hægt að útiloka að þau hafi orðið við rask sem aftur hefur gróið eða við gróinn uppblástur. Þó virðast hinir meintu veggir helst til of reglulegir fyrir það. Þústin er um 8 x 4-5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Ekki er ljóst hvort hún hefur verið einföld eða mögulega skipst í tvö hólf en greinilegri hluti hennar er norðvestar. Það er hann sem er 8 x 4-5 m stór en aftar er raskað svæði sem er um 3 m langt og má vera að þar hafi verið annað hólf en veggir tóftar fjara þar út.

Mögulegt er að op hafi verið á vesturvegg þústar en það er þá of ógreinilegt til að hægt sé að fullyrða um það. Þústin er gróin og engar grjóthleðslur sjást. Hæð veggja er um 0,2 m.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Óljós tóft í landi Stapa, horft í NA.

SF-033:022 garðlag túngarður 64°19.726N 15°14.995V

Garðlag sunnan við heimkeyrslu að Stapa, horft í suður.

Leifar af garðlagi sjást þar sem heimkeyrslan að Stapa tekur 90 gráðu beygju um háan hól, um 220 m NA af íbúðarhúsinu. Garðlagið liggur h.u.b. samhliða fyrirhugaðri pípulögn frá Hoffelli að Höfn en mun hærra, upp brekku. Það er að jafnaði hátt í 30 m suðvestur af lagnarstæðinu en þó nær því nyrst, við heimkeyrsluna eða tæpa 20 m. Garðlagið sést fyrst í grasi vaxinni kverk vestan við háhólinn, skammt ofan við veg. Gróið tún. Girðing liggur þvert yfir vesturenda garðsins. Neðan (eða norðan) heimkeyrslu er sléttað tún; engin ummerki sjást um garðinn þar. Garðurinn liggur í sveig upp á hólinn til suðurs. Hann er siginn og gróinn, á bilinu 0,1-0,3 m á hæð en 0,5-0,8 m breiður. Hann liggur í sveig fra vegi í suður og svo SSA. Fyrst má rekja hann á um 7 m kafla upp að girðingu en handan girðingar í um 15 m til viðbótar í smásveig til vesturs en ekki er ljóst eftir það hvort framhaldið hefur legið til vesturs eða áfram upp brekkuna - þar vottar ekki fyrir garðinum. Líklega hefur þetta verið hluti af túngarði, enda í jaðri túnræktar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

SF-033:023 garðlag landamerki 64°19.551N 15°14.818V

Landamerkjagarður milli Stapa og Miðskers, horft í austur.

Hlaðið garðlag er á landmerkjum milli Stapa og Miðskers 250 m ASA af íbúðarhúsinu í Stapa. Girðing er á því. Fyrirsjáanlegt er að fyrirhuguð hitaveitulögn frá Hoffelli að Höfn fari gegnum vesturenda garðsins. Grasi gróinn stallur upp af túni. Garðlagið er mjög greinilegt og stæðilegt. Alls er garðurinn rúmlega 40 m langur frá austri til vesturs, mest um 2 m breiður að neðanverðu og 1 m hár. Vesturendi hans endar nokkra metra frá brekkurótum og er eyða þar ofan við að brekku en girðingin heldur áfram. Austurendinn endar skammt ofan vegarins að Stapa og er ekki sýnilegt framhald handan við hann - enda er þar sléttað tún.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

SF-033:024 garðlag túngarður 64°19.724N 15°14.974V

Annað hugsanlegt garðlag er í landi Stapa, 10-15 m austan við garð 022, í túnjaðri. Garðurinn liggur samhliða fyrirhugaðri lagnalínu en að jafnaði um 15 m frá henni. Lagnarstæðið er undir brekku en garðurinn uppi á henni og innan girðingar og hverfandi líkur (vegna staðhátta) á að hann verði fyrir raski. Gróin túnbrekka mót austri. Regluleg upphækkun í jaðri dældar sem gæti verið uppgróið rof. Hugsanlega er upphækkun þessi (sem víðast hvar er um 0,3 m há) tilkomin annars vegar vegna rofsins og hins vegar vegna umgangs skepna en virðist þó svo regluleg nyrst að hún gæti verið manngerð eins og sjá má á ljósmynd.

Garðurinn liggur austan í sama hól og garðlag 022, stefnir fyrst í suður en svo í suðvestur upp brekku meðfram rofinu. Upphækkunin er ekki jafngreinileg allstaðar en nyrst er hún þó mjög lík signu garðlagi, slétt að ofan og næstum með trapisulagi í þversniði. Grjót sést hvergi, allt er grasi gróið. Alls má rekja upphækkunina á um 50 m löngum kafla en þar fjarar hún út.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Mögulegt garðlag í Stapatúni, horft í norður.

SF-034 Taðhóll (Hóllinn)

SF-034:001 *Taðhóll (Hóllinn)* bæjarhóll bústaður 64°19.277N 15°14.697V

Taðhóll var hjáleiga Bjarnarness. Leifar af bænum eru fast sunnan við vegamót þar sem Miðskersvegur mætir Bjarnanesvegi, um 150 m norðaustur af Bjarnaneskirkju. Sýnileg rúst sem hér er lýst er um 20 suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar hitaveitulagnar. Hún er uppi í brekku ofan við lagnarstæðið og af þeim sökum ósennilegt að henni verði raskað. Ekki er ósennileg að öskuhaugur eða aðrar mannvistarleifar gætu verið utan í brattri brekku austan við rústina, nær lagnarstæðinu, þótt ekkert sjáist á yfirborði. Grösugur hóll innan girðingar. Hóllinn sjálfur er hár og mjög áberandi, vel grasi gróinn. Austan í honum, á stalli sem er lægri en háhóllinn, mótar fyrir rúst, að líkindum af litlum bæ. Hún er næstum alveg sléttuð og vegghleðslur jarðlægar og sér ekki í grjót í þeim en þó mótar vel fyrir hólfum. Alls er rústin um 30 x 15 m stór frá NA-SV og skiptist í fjögur hólf. Þrjú þeirra eru í norðausturhlutanum - miðjuhólfið sýnu stærst (8 x 3,5m að innanmáli NV-SA) en sitthvoru megin við það eru smærri hólf. Framhlið bæjar hefur snúið í suður eða SSA

Horft til austurs frá Taðhól. Á þessum slóðum mun hitaveitulögn liggja meðfram veginum Taðhólsmegin.



og opnast hólfin þrjú öll í þá áttina - en að auki er hringlaga dæld suðvestast sem engar dyr sjást á, alls um 2,5 m í þvermál. Frá rústinni hallar skarpt til austurs niður að vegi þar sem hitaveitulögn er fyrirhuguð og þar ætti að hafa varann á, enda líkur á mannvistarlögum. Skv. Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var búið á Taðhól til 1883.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu I, 228-229.

SF-037 Stóra Lág

SF-037:014 *Þvottalækur* örnefni þvottastaður

Í örnefnalýsingu segir: "Afrennsli Seltjarnar, Hamratjarnar og Botnlausutjarnar er norður í Fjósatjörn og úr Fjósatjörn um Þvottalæk út í Rotin." Þvottalækur er merktur á örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar og virðist eiga við læk sem hlykkjast um mýrina um 180 m neðan eða suðvestan bæjar. Hann er víðast hvar um 20 m fyrir austan miðlínu fyrirhugaðrar pípulagnar en þó liggur lögnin yfir kvísl sem gæti tilheyrt honum norðarlega, vestan við tjörn sem að líkindum er Fjósatjörn. Flöt og blaut mýri.Mjór lækur sem hlykkjast um mýri. Engin mannvirki sjást í námunda við hann. Lækurinn rennur undirgirðingu sem liggur þvert yfir mýrina - undir henni er upphækkun sem líkist hlaðinni undirstöðu en mun mynduð af traðki skepna beggja vegna við girðingu.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Nesjahreppur, Stóralág,2; Örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar

SF-040 Hoffell

SF-040:067 gryfja rista 64°22.330N 15°18.047V



För eftir torfristu, horft í NA



Greinileg ummerki um torfristu eru fast norðan við Ristan er fast norðan við girðingu sem liggur samsíða áætlaðri miðlínu pípulagnar frá Hoffelli að Höfn. gengið yfir svæðið í gegnum aldirnar. Skurðurinn sést norðaustur-suðvestur. Skurðurinn er reglulegur og er svolítið breytilegt. Innan þess svæðis sem hefur verið verið rist á svæðinu, t.d. sést greinilegt ristusvæði á pípulagnar.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

þjóðveg 1 en um 160 m suðaustan við Hoffellsveg. þjóðvegi, norðan hans. Svæðið er um 4 m austur frá Mosa- og grasivaxnar sléttur en jökulhlaup hafa á aflöngu svæði sem er 24 x 4 m stórt og snýr víða ferhyrndur niðurgröftur, 2-3 m á kant en þó er það rist eru tjarnir en gróið deiglendi. Víðar virðist hafa loftmynd um 370 m norðar - langt utan áhrifasvæðis

SF-040:068 gata leið
64°22.363N 15°18.161V

Greinilegar götur sjást 40-200 m suðvestan við Hoffellsveg. Þær eru fyrst greinilegar um 50 m suðvestan við þjóðveg 1 og eru greinilegar í krikanum milli þjóðvegar og Hoffellsvegar, milli tveggja kíla sem liggja milli þjóðvegar og Hoffellsvegar. Mosa- og grasivaxnar sléttur en jökulhlaup hafa gengið yfir svæðið í gegnum aldirnar. Göturnar liggja á árbakka vestari kílsins og eru misgreinilegar. Þar sjást 5-10 slóðar samsíða en verða ógreinilegri eftir sem nær dregur þjóðvegi og Hoffellsvegi. Samkvæmt Þrúðmari Sigurðssyni heimildamanni voru götur um þetta svæði síbreytilegar vegna flóða og hann mundi ekki eftir því að þessar götur hefðu verið notaðar af öðrum en skepnum. Slóðarnir minna hins vegar mest á reiðgötur og voru því skráðar. Þær sjást á tæplega 300 m kafla á þessu svæði.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Götur í landi Hoffells, horft í norður.

SF-621 Fornleifar á fl. en einni jörð

SF-621:001 vegur leið 64°17.948N 15°11.922V



Leifar af gömlum vegi, horft í vestur.

Upphlaðinn vegur sést liggja beint á núverandi þjóðveg um 85 m norðan við gatnamótin þar sem heimreið liggur að Brekku og fleiri bæjum og um 190 m SSA við þar sem heimreið liggur frá þjóðvegi að Lækjarbrekku. Vegurinn virðist sá sami og merktur er inn á Herforingjaráðskort frá 1905 og lá til norðausturs fyrir heimatúnið á Hólum og beygði svo til suðausturs og lá svo til suðurs niður í bæjarlandið á Höfn. Á herforingjaráðskortinu eru sýndar tvær brýr á þessum vegi, annars vegar þar sem heimreiðin að Þinganesi lá frá veginum og hins vegar þar sem heimreiðin að Dilksnesi lá frá honum. Þær voru ekki skráðar sérstaklega.Vegurinn liggur um grasi gróið og smáþýft deiglendi sem hefur þó verið ræst fram með skurðum. Þjóðvegur sker gamla veginn í tvennt. Vegurinn virðist vera sá sami og merktur er inn á Herforingjaráðskortið en hann virðist greinilegur beggja vegna núverandi þjóðvegar. Hann var aðeins skráður á áhrifasvæði pípulagnar en nær lengra til bæði austurs og vesturs. Þjóðvegurinn og rask við hann hefur rofið veginn á um 30 m breiðum kafla. Vegurinn gamli er 2,5-3 m á breidd en 0,3 m á hæð. Pæla eða skurður er meðfram honum að norðanverðu. Einhver ummerki um veginn sjást á 800-900 m kafla á þessu svæði, af loftmyndum að dæma. Hann var hins vegar aðeins skráður og mældur innan og við áhrifasvæði vegna pípulagnar sem kemur til með að liggja fast við austurendann, sem hefur áður verið rofinn af vegi.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 1905, kort 106 LÓN SV



Hluti af herforingjaráðskorti frá 1905. Vegarbúturinn sem um ræðir er fyrir vestan Hóla. @Landmælingar Íslands.

5. Niðurstöður

Við úttekt á lagnarstæðinu voru skráðir 15 minjastaðir af ýmsum toga innan við 25 m frá miðlínu lagnar. Þeir skiptast svo eftir tegundum eða hlutverkum:

garðlög	4
götur/vegir	2
tóftir	2
torfrista/mógrafir	2
þvottastaður	1
kirkja og kirkjugarður	1
örnefni	3
Alls	15

Fjórar af þessum minjum teljast í stórhættu og við fimmta staðinn þarf að sýna sérstaka aðgæslu. Allir staðir í stórhættu eru sýndir á ítarkortum aftast í skýrslu en þeir eru:

- Ummerki um torfristu (040:067) í landi Hoffells eru svo skammt frá miðlínu pípulagnar að reikna má með að hún hafi þar áhrif.
- Garðlag á merkjum milli Stapa og Miðskers (SF-033:023). Fyrirsjáanlegt er að lögnin liggi í gegnum vesturhluta þess.
- Óljósar leifar garðlaga (SF-032:013) í landi Miðskers. Lagnarstæðið liggur yfir svæðið sem garðlögin eru á. Þessar minjar eru svo óræðar að erfitt er að segja til um hlutverk þeirra, aldur eða nákvæmt lag.
- Gamall upphlaðinn vegur (SF-621:001) sem núverandi þjóðvegur þverar.
- Síðast en ekki síst má nefna að rúst af bænum Taðhóli (SF-034:001) er innan við 25 m frá fyrirhugaðri lögn. Þótt ósennilegt sé að sjálf bæjarrústin verði fyrir raski ætti að viðhafa sérstaka varkárni í brekkunni norðan við hana, nærri lögn, enda ekki ósennilegt að þar gætu komið í ljós mannvistarleifar, t.d. öskuhaugar, sem tengjast búsetu á staðnum.

Rétt er að geta þess að við skráningu voru allar mögulegar minjar – jafnvel þótt sums staðar séu ummerki óveruleg og kannski ekki mjög gömul. Í fornleifaúttekt sem þessari, þar sem framkvæmdir geta verið óafturkræfar er mikilvægt að skrá allar upplýsingar um mannvistarleifar enda þótt aldur minjanna kunni að vera óþekktur.

Auðvelt ætti að vera að koma í veg fyrir rask á flestum staðanna en ef fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir hafi áhrif á fornleifar ber að hafa samráð við Minjastofnun Íslands.

6. Hnitaskrá ISN93

19025	683913.6	424791.5
19026	683762.3	422516.4
19027	683825.8	422846.4
20025	684293.8	426013.1
24012	682543.0	428509.8
33021	680672.2	430999.0
33022	681231.7	430543.7
33023	681398.6	430256.5
33024	681245.5	430543.5
32013	681477.2	429817.8
37034	680084.8	433236.5
37014	680184.6	433080.5
40067	678486.9	435232.1
40068	678337.8	435456.2
621001	683900.0	4273989.0
34001	681523.2	429733.0
30007	681645.6	429633.2

7. Heimildaskrá

Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu I. 1971. Bókaútgáfa GuðjónsÓ, Reykjavík.

Herforingjaráðskort 1905, kort 106 LÓN SV. Landmælingar Íslands.

Ö-Dilksnes: Örnefnalýsing Dilksness. Heimildamaður: Jón Björnsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hafnarnes: Örnefnalýsing Hafnarness. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stórulág: Örnefnalýsing Stórulágar. Heimildamaður: Sigfinnur Pálsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar, varðveitt í bókasafninu á Höfn.

Heimildamenn:

Bjarney Pálína Benediktsdóttir, Miðskeri, f. 1948
Bjarni Hákonarson, Dilksnesi, f. 1959
Björn G. Arnarson, Höfn, f. 1962
Finndís Harðardóttir, Dilksnesi, f. 1961
Hólmfríður Leifsdóttir, Hoffelli, f. 1930
Sigurður Sigfinnson, Stóru-Lág, f. 1953
Sævar Kristinn Jónsson, Miðskeri, f. 1942
Valgerður Gunnarsdóttir, Stapa, f. 1935
Þorsteinn Sigjónsson, Bjarnanesi, f. 1939
Þrúðmar Sigurðusson, Hoffelli, f. 1927

Kort



Yfirlitskort 1: Norðurhluti skráningarsvæðis. Rauðir kassar tákna ítarkort með minjum í stórhættu, sjá aftar. Fyrirhuguð línulögn er sýnd með rauðum lit.

Yfirlitskort 2: Suðurhluti skráningarsvæðis



Ítarkort 1: Minjar í landi Hoffells.



Ítarkort 2: Minjar í landi Miðskers og Taðhóls (nú Bjarnaness).

Ítarkort 3: Gamall þjóðvegur vestan við Hóla. Hann var mældur upp vestan þjóðvegar en glöggt má sjá áframhald austan vegarins.